




Frú Z (1954), olía á striga.



Dísirnar þrjár (11.12.1921) kol á striga.

Svið listar Picasso var breitt og víðfeðmt, hann var ekki einungis frábær málari, teiknari og grafiker, heldur og einstakur myndhöggvari og olli byltingu í leirmunagerð (keramik). Hann var myndlistarmaður út í fingurgóma og sem slíkur eldfjótur að sjá hið myndræna við hlutina. Hann gat hvenær sem var brugðin á leik við börn sín og vini og fór þá á kostum sem trúður, nautabani eða eitthvað sem honum datt í hug í það og það sinnið. Sem slíkur mun hann hafa verið einstakur faðir — a.m.k. svo lengi sem honum lynti við mæður þeirra, en það er önnur saga. Picasso lifði og hræðist í samtíð sinni, en hvorki fortíð né framtíð. Hann vildi vera með báða fætur á jörðinni og víst er að verk hans endurspeglar þá tíma, er hann lifði á. Það var líkast því sem hann safnaði þeim áhrifum sem hann varð fyrir eins og sólar-skúfur hans risti djúpt og markvisst. Skoðanir hans voru róttækar, en vafaltíð frekar tilfinningalegs eðlis en l'aldrar rökhyggju.

Þótt hægt sé með sterkum rökum að fullyrða, að Picasso hafi haft mest áhrif allra manna á þróun málalistar á öldinni og myndlistar yfirleitt, ásamt því sem eftir fylgir í hönnun og listiðnaði — þá er annað mál, hvort hann hafi jafnframt verið mesti málari. Þannig má leiða rök að því, að málari svo sem Matisse, Bonnard, Braque og Chagall hafi haft ýmislegt til brunns að bera, sem Picasso hefur skort.

Þá var Picasso ekki endilega upphafsmaður þess, sem hann er hvað frægastur fyrir. Álitamál er, hver var á undan með kúbismann hann eða Braque, og það var Henri Matisse, sem fyrstur mun hafa bent á hið upprunalega og magnaða í list Afríkubúa, og Modigliani lagði manna mest áherslu á að teygja úr hálsinum á fyrirsætum sínum.

En Picasso skilaði stærra og fjölbættara lífsverki en nokkur annar myndlistarmaður aldarinnar, og hann hefur átt meiri þátt í að móta hugsunarhátt manna með vinnu handa sinna: Það var ekki aðeins, að starfsbræður hans og sporgöngumenn um allan heim yrðu fyrir áhrifum frá honum, heldur breiddust áhrifin undrafljótt til listiðnaðarins og almennings, ósjálfrátt og að honum óafvitandi. Í vitund almennings var nafnið Picasso lengi vel samnefni allrar framúrsteffu-listar á fyrra helmingi aldarinnar, alls óhugnaðar í listum og þess, sem venjulegt fólk skildi ekki og vildi ekki skilja.

Allt, sem fólk skildi ekki og því fannst ófagurt í listum, hryllti jafnvel við, fékk samheitið „abstrakt“ — og Picasso var gerður ábyrgur fyrir öllum ósömanum.

Fullt nafn listamannsins var jafn fjölbætt, margbrotið og blæbrigðaríkt og líf hans og stílbrögð í myndlist: Pablo, Diego, Jose, Francisco de Paula, Juan Nepomuceno, Maria de los Remedios, Cipriano de la Santísima Trinidad, Ruiz Blasco y Picasso. Föðurnafnið var hér Ruiz Blasco en móðurnafnið Picasso, og þó það fari mörgum sögum af því af hverju hann valdi móðurnafnið, sem þó var ekki venjan, er sú skilgreining mjög trúverðug, að það sé vegna þess, að vinir hans kölluðu hann oftast Picasso, sem er miklu sjaldgæfara nafn á Spáni og auk þess hljómmeyra og minnisstæðara.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum sjáum við sitthvað frá ferli Picasso frá 1917 fram til 1971, þetta eru brotabrot frá löngum ferli, sem gefa eðlilega engan veginn til kynna stærð hans sem málara né myndlistarmanns almennt. Þannig séð getur þetta ekki talist góð kynning á snillingnum Pablo Picasso, og alls ekki fyrir þá, sem lítið þekkja til verka hans. Annað mál fyrir þá okkur hina, sem teljum okkur þekkja list Picasso út og inn, hversu rétt það nú einu sinni getur talist. Fyrir okkur er það harla mikilvert að kynnst þessari hlið meistarans.

En allt um það, þá er þetta mikilvæg sýning, sem ómetanlegur fengur er að og ætti að geta útskýrt margt í myndlist og orðið nokkur

lyftistöng íslensku myndlistarlífi og á listavettvangi yfirleitt.

Ef til vill hefur Jacqueline Picasso vanmetið Íslendinga og ekki átt að sig á því, að almennt eru þeir betur upplýstir á myndlist og kröfuharðari en víða annars staðar í Evrópu, þótt hér hafi ekki mótast sömu viðhorf til verðgildi myndlistarverka né annarra andlegra verðmæta.

Sú mikla gæsla, sem þessi sýning nýtur, opnar kannski augu einhverra fyrir þeirri hlið málsins, þótt ýmsum finnst um of, en er það alls ekki á okkar viðsjálu tímum.

Á sýningunni kemur það greinilega fram, að Picasso var öðru fremur teiknari — línan er nær alltaf uppistaðan í verkum hans og liturinn eins konar hjálparmedal til stigmögnunar beinna áhrifa. Þannig hefur frægur nútímamálari eins og Belginn Henri Michaux látið hafa það eftir sér „að ef hann ætti þess kost að velja sér mynd eftir Picasso — þá veldi hann hiklaust teikningu“. Þessi framláttur verður áleitinn við skoðun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum — og einnig hvernig meistarinn notar litinn til að auka áhrifin — hræra upp í fornmunum og skoðandanum um leið. Sýningarskráin er einstaklega vel úr garði gerð og ómetanleg heimild um sýninguna.

Hafi Jacqueline Roque Picasso svo og allir þeir, er lögðu hér hönd að, þakki fyrir framtakið.



Þetta er'ða!

SHAMTU

**HÁRLAGNINGARFRÖÐA
MEÐ HÁRNÆRINGU**

Það er þess virði að kanna hvað SHAMTU getur gert fyrir þitt hár. SHAMTU hárlagningarfröða með næringu heldur hárlagningunni frjálsligri og léttu og fer vel með hárið.

**SHAMTU
HÁRLAGNINGARFRÖÐA
MEÐ
HÁRNÆRINGU
fyrir:**



Venjulegt hár
Feitt hár
Slitið hár
Einnig ein teg.
sérstaklega fyrir
karlmenn.

Undirstrikaðu

**glæsileik hársins
með:**

SHAMTU

**Heildsala:
Kaupsel
Laugavegi 25
S: 27770 og 27740**